

Til skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar

Erindi: beiðni um leyfi til að lagfæra grjótvörn gegn landbroti á Granda í austanverðum Siglufirði.

Á árunum 1992-1994 var á vegum Flugmálastjórnar flutt mikið magn af stórgryti að Siglufjarðarflugvelli og raðað í fjöruna við norðurenda flugvallarins og suður með honum að vestan. Þessi grjótvörn gæti hafa verið um fimm hundruð metrar að lengd og virðist hafa að mestu gegnt tilætluðu hlutverki. Á Granda hefur þó í brimróti grafist undan grjótinu á u.b.b. 70 metra kafla og nokkurt landbrot orðið ofan við það. Þarna er nokkurt æðarvarp. Sjá meðfylgjandi myndir.

Undirritaður óskar eftir því að fá leyfi bæjarstjórnar til að fá öfluga hjólagröfu á staðinn og færa til stórgrytið á þessum kafla og raða því þannig að það veiti þá vörn sem stöðvar umrætt landbrot. Vilji minn er að þetta verk verði unnið í samráði við eftirlitsmann sveitarfélagsins í sumar og heitið er góðri umgengni.

Í maí 2022 var gengið frá samningi milli Fjallabyggðar og míð, undirritaðs, og félaga minna, Ingvars Hreinssonar og Sigurðar Ægissonar. Samkvæmt samningnum var 33% hlutur Fjallabyggðar af dúnsölu okkar árið 2022 kr. 323.574.

Í samningnum er einnig eftirfarandi ákvæði:

2.gr. Að fengnu samþykki sveitarfélagsins, geta nýtingaraðilar sinnt öðrum verkefnum en dúntekju, svo sem endurbótum og/eða uppbyggingu á svæðunum. Allar hugmyndir nýtingaraðila að verkefnum af þessu tagi skulu lagðar fyrir sveitarfélagið með skriflegum hætti og skal kostnaðargreining verkefnisins fylgja með. Ekkert verk, sem undir ofangreint fellur, má vinna nema að fengnu samþykki sveitarfélagsins.

Skilningur okkar er sá að samkvæmt þessu ákvæði getum við látið vinna verk eins og sótt er hér um leyfi fyrir, greitt fyrir það og komi sú greiðsla síðan til jöfnunar 33% gjaldi vegna dúnsölunnar.

Undirritaður óskar eftir því að skipulagsnefnd taki afstöðu til beggja þessara atriða sem hér er lýst og samþykki þau. Illmögulegt er að leggja mat á áætlaðan kostnað við verkið en að því er þó stefnt að það fari ekki fram yfir 300 þús. kr.

Siglufirði 19. apríl 2023

Virðingarfyllst!

Örlygur Kristfinnsson





Innanverður Siglufjörður - Grandi er merktur númer 1 á kortinu



Grjótgarðurinn á Granda sem liggur um miðja fjöru – og landbrotið ofanvið.